

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitur í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu í Kaldrananeshreppi og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Kaldrananeshreppi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 21. nóvember 2024.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús og parhús/raðhús	154.800 kr.	á hvert hús eða íbúð í parhúsi/raðhúsi
Fyrir fjölbýlishús	89.250 kr.	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnaði	167 kr.	á hvern m ³ í húsnaðinu að 4.000 m ³
	83 kr.	á hvern m ³ > 4.000 m ³

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Fráveitugjald skal nema 0,22% af álagningarstofni þó aldrei lægra en 21.630 kr. né hærri en 32.550 kr. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró < 4.000	21.420
Rotþró 4.001-6.000	26.250
Rotþró 6.001-8.000	31.000
Rotþró 8.001-10.000	41.700
Rotþró > 10.000	3.570 pr. umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða 3.470 kr.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti framfar hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 21. nóvember 2024 og staðfestist hér með samkvæmt II. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti- og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1742/2023.

Drangsnesi, 21. nóvember 2024.

F.h. sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps,

Finnur Ólafsson oddviti.